

2017-02-02 skipulag til kynningar

Til : Ólafur Melsted
Frá : sigurdur@olfus.is
Heiti : 2017-02-02 skipulag til kynningar
Málsnúmer : 201702019
Málsaðili : Sveitarfélagið Ölfus
Skráð dags : 02.02.2017 11:10:26
Höfundur : sigurdur@olfus.is

Viðhengi [161213 Raufarholshellir_askbr_Tillaga.pdf](#)
[161213 Raufarholshellir_askbr_Tillaga.pdf](#)
[170105_Lýsing_Innstidalur_3.pdf](#)
[170105_Lýsing_Innstidalur_3.pdf](#)
[SA08J_umhverfisskýrsla.pdf](#)
[SA08J_umhverfisskýrsla.pdf](#)
[DV1404_Pi-minna.pdf](#)
[DV1404_Pi-minna.pdf](#)
[SA08J_PL_Skidaskali.pdf](#)
[SA08J_PL_Skidaskali.pdf](#)
[SA08J_greinargerð.pdf](#)
[SA08J_greinargerð.pdf](#)
[DV1404_greinargerð-2017-01-11.pdf](#)
[DV1404_greinargerð-2017-01-11.pdf](#)

Góðan dag, breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag.

1. Breyting á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 er tekur yfir um 46 ha land Skíðaskálans í Hveradöllum. Samhliða auglýst deiliskipulag.
2. Breyting á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 er tekur yfir svæði við Raufarhólshelli. Samhliða auglýst deiliskipulag.
3. Lýsing á aðalskipulagsbreytingu, afþreyingar og ferðamannasvæði. Um er að ræða svæði innan Þjóðlendu, Innstidalur og svæðið við minni dalsins.

Skíðaskálinn í Hveradöllum.

1. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan tekur til lands Skíðaskálans í Hveradöllum.

Greinargerð, uppdráttur og umhverfis- og tilkynningarskýrsla dagsett 11.01.2017.

Viðfangsefni breytingarinnar er að stækka reit V2 verslun og þjónusta þar sem Skíðaskálinn í Hveradöllum er.

2. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Skíðaskálann í Hveradöllum er samanstendur af greinargerð, uppdrætti og umhverfis- og tilkynningarskýrslu dagsett 11.01.2017.

Skilgreind hefur verið ný lóð fyrir Skíðaskálann í Hveradöllum sem er 46 ha og eru um leið mörk deiliskipulags fyrir svæðið.

Megin markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnumörkun sem miðar að því að Skíðaskálinn verði miðstöð útivistar og heilsuræktar í Hveradöllum. Nálægð við orkumannvirki gerir það mögulegt að jarðhitavatn frá Hellisheiðarvirkjun sé nýtt við uppbyggingu baðlóns og hótels. Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að mannvirki falli vel að landi og séu hógvær í annars viðkvæmu landslagi.

Raufarhólshellir.

3. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynningu á skipulagsgögnum er lokið fyrir breytingu á gildandi aðalskipulagi fyrir Raufarhólshelli. Skipulagsgögn hafa verið lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagstofnunar.

Með breytingunni verður gert ráð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði við Raufarhólshelli, AF1.

4. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Raufarhólshelli er samanstendur af greinargerð, uppdrætti og umhverfisskýrslu dagsett 13.12.2016. Framkvæmdir unnar í samráði við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Tillagan tekur til ferðamannasvæði við Raufarhólshelli þar sem áætlað er að koma upp aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum í hella- og norðurljósaferðir. Megináhersla deiliskipulagsins er að tryggja öryggi gesta og setja ramma um fyrrihugaða starfsemi á svæðinu, vöxt hennar og viðhald. Deiliskipulagsuppdráttur sýnir byggingarreit fyrir nýbyggingu á deiliskipulagssvæðinu. Mesta hæð á byggingu er 3,2 m yfir gólfkvóta og aðeins leyft að byggja eina hæð. Heimilt er að byggja allt að 200 m² hús til að hýsa tæknirými, salerni, búnað fyrir hellaskoðun, miðasölu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Bílaplan hefur verið lagfært og stúgar sem gerir verða, eru til að koma í veg fyrir átroðning á landinu umhverfis hellinn.

Lýsing að aðalskipulagsbreyting, afþreyingar- og ferðamannasvæði.

1. Innan þjóðlendu í Ölfusi eru skálar í og við Innstadal. Unnin er lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða í og við Innstadal. Breytingin tekur til uppdráttar og greinargerðar. Í aðalskipulagi er merkt V17, verslunar- og þjónustusvæði í mynni Innstadals. Þar fyrir eru fjórir skálar. Þessi svæði sem og fyrir skála inni í Innstadal, er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Lýsingin fyrir aðalskipulagsbreytinguna liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, á skrifstofutíma, frá 26. janúar til 14. febrúar 2017 og einnig inni á www.olfus.is.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 9. mars 2017. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

kv

Sigurður Ósmann Jónsson
skipulags- og byggingarfulltrúi
sími 480 3800, fax 480 3801
netfang sigurdur@olfus.is
Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn.
www.olfus.is

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Ölfuss. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee only. The contents of the message are the individual senders responsibility if it is not related to the operation of Sveitarfélaginu Ölfusi. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.